

HRÓBJARTUR ÁRNASON, HALLA VALGEIRSDÓTTIR, SVAVA GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR
MENNTAVÍSINDASVIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

HVERS VEGNA KOMA ÞAU EKKI? ÞÁTTTAKA FÓLKS MEÐ STUTTA FORMLEGA SKÓLAGÖNGU



Hróbjartur Árnason

Þátttaka í fræðslu er það viðfangsefni innan fræðanna um nám og fræðslu fullorðinna sem hefur verið einna mest rannsakað, en undanfarin ár hefur fjarvera tiltekinnna samfélagshópa frá fræðslu fengið aukna athygli. Ástæða þessa er án efa aukin umræða og áhersla stjórnvalda á gildi menntunar fyrir einstaklinga og samfélag sem og mikið framboð fræðslu fyrir alla samfélagshópa.

Það vekur athygli að niðurstöður rannsókna undanfarinna ára hafa verið nokkuð samhljóma. Sömu hópana vantar meðal þátttakenda og sömu ástæðurnar eru gefnar upp fyrir fjarveru. Viðtöl við starfsmenn símenntunarmiðstöðva leiddu í ljós að mikil starfsorka fer í að reyna að ná í þennan hóp, með misjöfnum árangri, og ætla má að upplifun annarra framkvæmdaaðila sé sú sama. Þetta bendir til þess að rannsóknirnar endurspeglir veruleikann eins og hann birtist innan fullorðinsfræðslunnar hér á landi sem og annars staðar. Miklum fjármunum hefur verið varið til ýmissa verkefna tengdum fullorðinsfræðslu, meðal annars til fræðslutilboða sem ætlað er að höfða til þeirra sem fram til þessa hafa síst tekið þátt, einkum fólks með stutta formlega skólagöngu. Þrátt fyrir þetta hefur reynt erfitt að ná til þessa hóps. Þess vegna er ekki ósennilegt að spurningin: Hvers vegna koma þau ekki? brenni á mörgum þeim sem vinna að fræðslumálum fullorðinna.

Rannsóknir eiga að auka þekkingu og skilning okkar á umheiminum en ef þær ná ekki að veita fullnægjandi svör verður að velja fyrir sér hvort rannsakendur séu að spyrja réttu spurninganna þegar ástæðna fyrir fjarveru er leitað. Jafnframt þarf að huga að því hvort framkvæmdaaðilar þurfi að leita nýrra leiða til að ná til umræddra hópa. Náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat eru leiðir sem gefist hafa vel til að ná til þessa hóps en ef fyrirætlanir stjórnvalda um þátttöku allra í ævimenntun eiga að nást þarf meira til.



Halla Valgeirsdóttir

HUGMYNDIR UM NÁM OG MENNTUN

Hugmyndin um ævinám¹ hefur á undanförunum árum fengið byr undir báða vængi, einkum í stefnu-þlögnum stjórnvalda flestra Evrópu-þjóða. Með henni er meðal annars sett á oddinn nauðsyn þess að allir bæti stöðugt færni sína til að takast á við sífelldar breytingar í lífi sínu, atvinnu og samfélagi.

Önnur hugmynd sem mótar

stefnu stjórnvalda bæði hér á landi og víðar er sú að herra menntunarstig þjóðar leiði til aukins hagvaxtar. Hana má að einhverju leyti rekja til greinar nóbelsverðlaunahafans Gary Becker (1962) um mannauðskeninguna (Human Capital Theory) þar sem hann heldur því fram að öll fjárfesting sem styrkir einstaklinga leiði til aukinna möguleika þeirra til að skapa tekjur og þar af leiðandi til hagvaxtar. Standist þessi kenning er það alvarlegt mál ef stór hluti vinnuafis þjóðar býr aðeins yfir grunnmenntun og gerir jafnvel lítið til að auka eða viðhalda hæfni sinni til að takast á við breytingar. Í ljósi þessara hugmynda hafa íslensk stjórnvöld sett sér það markmið að fram til ársins 2020 fækki fólki á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið viðurkenndri starfs- eða framhaldsmenntun úr um 30% í 10% (Forsætisráðuneytið, 2008). Stjórnvöld og samtök atvinnulífsins hafa tekið höndum saman til að ná þessum markmiðum og er verulegum upphæðum af almannafé varið til að hækka menntunarstig Íslendinga (Forsætisráðuneytið, 2008). Nýjustu tölur um þátttöku á Íslandi



Svava Guðrún Sigurðardóttir

¹ Ævinám er þýðing á enska hugtakinu „lifelong learning“ í orðaskrá um evrópska menntastefnu. Hana má finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins (Menntamálaráðuneytið, 2009).

sýna að tveir þriðju hlutar fólks 25–64 ára með stutta formlega skólagöngu tekur ekki þátt í fræðslu (Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2009). Viðtöl við starfsmenn símenntunarmiðstöðva benda til að ákveðin aukning hafi átt sér stað á þátttöku þeirra sem hafa stystu skólagönguna en þó kemur það skýrt fram að enn sé stór hópur sem erfið er að ná til. Í því ljósi er ekki annað hægt að segja en að markmið stjórnvalda sé metnaðarfullt.

Með þessari grein viljum við leita svara við spurningunni hvers vegna fólk með stutta formlega skólagöngu sækir síður skipulagða fræðslu en aðrir. Með hugtakinu skipulögð fræðsla er átt við hvers konar atburði sem skipulagðir eru af þriðja aðila til að hjálpa fólki að þroskast og auka hæfni sína². Til að svara spurningunni fjöllum við stuttlega um helstu niðurstöður rannsókna undanfarinna áratuga á þátttöku og skoðum þann hóp sem tekur þátt í fræðslu og sérstaklega þann hóp sem gerir það ekki. Við leitum bæði í nýlegar og „klassískar“ rannsóknir á þátttöku í fullorðinsfræðslu, sem okkur þótti eiga erindi í íslenska umræðu um málefnið, ásamt því að nýta gögn úr rannsóknum tveggja höfunda greinarinnar.³ Þá gerum við grein fyrir helstu ástæðum fyrir fjarveru fólks frá fræðslu og leggjum að lokum til aðferðir sem nota má þegar leitað er leiða til að auka þátttöku fólks í fræðslu.

HVERJIR TAKA ÞÁTT?

Undanfarna áratugi hafa fjölmargir tekið sér fyrir hendur að rannsaka þátttöku fullorðinna í fræðslu frá ýmsum hliðum. Árið 1962 urðu Johnstone og Rivera fyrstir til þess að gera viðamikla könnun á þátttöku fullorðinna Bandaríkjamanna í fræðslu (Merriam o.fl., 2007) og hefur mikið verið vísað til rannsókna þeirra allar götur síðan. Þessi rannsókn er einn af



hornsteinum samtímarannsókna á þátttöku, því þótt mikið vatn hafi runnið til sjávar á þeirri tæplega hálfu öld sem liðin er frá framkvæmd hennar, hafa niðurstöðurnar staðist tímans tönn að mestu leyti. Síðari tíma rannsóknir hafa verið henni nokkuð samhljóma og fest enn frekar í sessi flest þau einkenni er koma fram í skilgreiningu Johnstone og Rivera á dæmigerðum fullorðnum námsmanni, til dæmis hvað varðar menntun, aldur, stöðu á vinnumarkaði, stétt, tekjur og búsetu (Merriam o.fl., 2007) en áður nefndir þættir geta haft mikil áhrif á þátttöku fólks í fræðslu. Fjórar spurningar eru sérlega áberandi í rannsóknum á þátttöku í fræðslu: Hverjir taka þátt? Hvers vegna tekur fólk þátt? Hvað er sammerkt með því fólki sem tekur þátt og hvenær á lífsleiðinni tekur það helst þátt í skipulagðri fræðslu?

Flestar rannsóknir sem byggja á lýðfræðilegu sjónarhorni, þ.e. sem fjalla um hverjir það eru sem taka þátt, sýna að það sem hefur eitt besta forspárgildið um þátttöku fólks í fræðslu er fyrir menntun þess. Einstaklingar sem hafa stundað eitt-hvað nám eftir að skólaskýldu lauk eru mun líklegri til þess að sækja sér frekari fræðslu á fullorðinsaldri en þeir sem minni menntun hafa (Aldridge og Tuckett, 2005; Blair o.fl., 1995; Cross, 1981; Jón Torfi Jónasson og Andrea G. Dofradóttir, 2007). Aldur spilar einnig mikilvægt hlutverk þegar kemur að þátttöku í fræðslu en yngra fólk er líklegra til að taka þátt en þeir sem eldri eru (Aldridge og Tuckett, 2005; Cross, 1981). Auk þessa eru sterk tengsl milli atvinnustöðu

2 Í greininni notum við jöfnum höndum hugtökin „skipulögð fræðsla“, „fræðsla“, „fullorðinsfræðsla“ og „fræðsla fyrir fullorðna“.

3 Rannsóknirnar eru hluti af tveimur meistara verkefnum tveggja af þremur höfundum greinarinnar. Þær byggja á viðtölum sem tekin voru vorið 2010. Annars vegar er um að ræða 7 hópaviðtöl við 22 starfsmenn 8 símenntunarmiðstöðva og hins vegar einstaklingsviðtöl við 10 konur sem ýmist luku ekki menntun á framhaldsskólástigi eða gerðu það eftir langt hlé frá námi. Í greininni eru beinar tilvitnanir í viðmælendur okkar en aldrei í þátttakendur í rannsóknum annarra.



einstaklinga og þátttöku þeirra, þar sem mun hærra hlutfall vinnandi fólks tekur þátt í einhvers konar fræðslu en þeir sem eru utan vinnumarkaðar eða atvinnulausir (Aldridge og Tuckett, 2005; Tuijnman og Hellström, 2001). Þá eru þeir einstaklingar jafnframt líklegri til að taka þátt í fræðslu sem eru með hærra tekjur, búa í þéttbýli (Merriam o.fl., 2007) og tilheyra milli- eða efri stéttum samfélagsins (Aldridge og Tuckett, 2005; Crowther, 2000).

Í áður nefndri rannsókn Johnstone og Rivera kom fram að starfstengd markmið voru algengasta ástæða þess að fólk tók þátt (Johnstone og Rivera, 1965 vitnað til í Blair o.fl., 1995). Þetta er í samræmi við niðurstöður síðari tíma rannsókna Tölfræðistofnunar menntamála Bandaríkjanna (NCES), Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) og fleiri á þátttöku fullorðinna í fræðslu (sjá til dæmis Connell, 1999; Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2009; Merriam o.fl., 2007; Tuijnman og Hellström, 2001). En þrátt fyrir að starfstengd markmið séu algeng þá eru þau ekki eina ástæða þess að fólk tekur þátt í fræðslu. Rannsóknir hafa jafnframt gefið til kynna að markmið á borð við persónulegan þroska og vitsmunalega örvun geti einnig búið að baki námi fullorðinna (Blair o.fl., 1995).

Dæmi um aðra nálgun má sjá í skrifum Cyril Houle (1961, vitnað til í Cross, 1981) en hann vildi komast að því hvers konar einstaklingar tækju þátt í fræðslu. Í gögnum sínum greindi hann þrjár ólíkar gerðir námsmanna: markmiðs- miðaða (e. goal-oriented), félagsmiðaða (e. activity-oriented)

og námsmiðaða (e. learning-oriented) námsmenn. Markmiðs- miðaðir námsmenn líta á nám sem leið að ákveðnu takmarki. Félagsmiðaðir námsmenn fara í nám til þess að eiga félags- leg samskipti fremur en til að læra eitthvað. Námsmiðaðir námsmenn fara í nám námsins vegna, þeir hafa ánægju af náminu og vilja auka við þekkingu sína.

Aslanian og félagar (1980) settu fram þá kenningu að fullorðið fólk leiti eftir fræðslu vegna yfirstaðinna eða yfir- vofandi breytinga á högum sínum. Breytingarnar gætu verið af ýmsum toga og átt sér stað á ýmsum æviskeiðum, til dæmis í tengslum við barnsfæðingu, atvinnumissi, skilnað eða dauðsfall eða breytt hlutverk á vinnustað. Til þess að prófa réttmæti kenningarinnar gerðu Aslanian og félagar stóra viðtalskönnun 1980, er leiddi í ljós að mikill meiri- hluti þeirra sem höfðu tekið þátt í fræðslu gerði það vegna einhvers konar breytinga og var algengast að námið ætti sér stað vegna breytinga á atvinnu viðkomandi (Aslanian, Brickell og Ullman, 1980; Merriam o.fl., 2007). Hafa ber í huga að taka verður með nokkrum fyrirvara þeim niður- stöðum rannsóknarinnar að 83% námsmanna hefðu farið í nám í kjölfar breytinga, þar sem síðari rannsóknir hafa sýnt mun lægra hlutfall, en breytingar virðast engu að síður vera mikill námshvati fyrir fólk (Cross, 1981). Finna má samhljóm með þessari kenningu og skrifum Knowles um að fullorðnir námsmenn leggi gjarnan mikla áherslu á gagnsemi náms. Oft og tíðum er nám þeirra þarfamiðað og snýr að ákveðnu verkefni, vandamáli eða aðstæðum sem þeir vilja fá lausn á (Knowles, Holton og Swanson, 1998).

HVERJIR TAKA SÍST ÞÁTT?

Hverjir taka ekki þátt og hvers vegna, er spurning sem hefur orðið meira áberandi í ritum um þátttöku á síðustu árum. Trúleg ástæða þess er almenn viðurkenning hugmyndarinnar um ævinám og furða yfir því að tilteknir hópar nýti sér ekki þau fræðslutilboð sem beint er að þeim. Frá sjónarhóli jafnréttis og jafnræðis mætti segja að þar sem góður hluti fræðslutilboða, sem sérstaklega er beint að fólki með styttri formlega menntun, sé fjármagnaður með almannafé⁴, sé rétt og nauðsynlegt að fénu sé varið þannig að þeir sem eigi að njóta þess vilji og geti það.

Reynt hefur verið að afmarka þann hóp sem stundar síður skipulagða fræðslu og í grundvallaratriðum hefur hlutfallið milli þeirra sem taka þátt og þeirra sem taka síður þátt lítið breyst á undanföllum árum þó svo að þátttaka almennt hafi aukist (Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2009). Því til stuðnings er ekki úr vegi að rýna í tvær ólíkar skýrslur sem komu út með 10 ára millibili. Sú fyrri er byggð á rýni í skýrslur frá 11 löndum og kom út 1999 (Connell, 1999), sú síðari er greining á vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands 2003 og kom út árið 2009 (Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2009).

Niðurstöður Connells (1999) sýna að þeir sem taka síður þátt í fræðslu eru:

- Atvinnulaust fólk og fólk utan vinnumarkaðar
- Fólk með stutta formlega skólagöngu að baki
- Starfsfólk minni fyrirtækja
- Eldra fólk

Sömu niðurstöður er að finna í rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Andreu Gerðar Dofradóttur (2009):

- Tæpur þriðjungur atvinnulausra á Íslandi eða fólks utan vinnumarkaðar tók þátt í skipulagðri fræðslu, meðan um helmingur starfandi fólks gerði það.
- Um þriðjungur Íslendinga með grunnskólamenntun sem hæstu skólagráðu sóttu sér viðbótarfræðslu, meðan tveir þriðju hlutar fólks með háskólamenntun gerði það.
- Um helmingur fólks sem starfar í íslenskum fyrirtækjum með færri en 50 starfsmenn sótti fræðslu, meðan tæplega tveir þriðju starfsfólks stærri fyrirtækja tóku þátt
- Eldra fólk tók síður þátt en yngra

Það vekur athygli hversu mikill samhljómur er í þessum tveimur ólíku rannsóknum. Bendir það til þess að þróunin á þessu sviði sé svipuð í vestrænum löndum.

4 Sbr. listi yfir fullorðinsfræðsluverkefni á vef menntamálaráðuneytisins (Menntamálaráðuneytið, 2010).



HVERS VEGNA TAKA ÞAU EKKI ÞÁTT Í FRÆÐSLU?

Til að gefa yfirsýn yfir fjölbreyttar skýringar fólks á lítilli eða engri þátttöku í fullorðinsfræðslu flokkuðum við þann fjölda skýringa sem finna má í öllum þeim rannsóknum sem við skoðuðum óháð uppruna eða fjölda á bak við hvert svar. Enda var greinilegt að svörin voru svipuð frá einu menningarsvæði til annars, en vægi þeirra ólíkt eftir menningarsvæði og tíma. Hér fyrir neðan má sjá nokkrar algengar skýringar sem okkur þótti vert að skoða nánar og bárum við þær saman við okkar eigin rannsóknir. Skýringum á fjarveru skiptum við í tíu flokka: Tíma, álag, kostnað, slæma reynslu af skóla, lágt sjálfsmat, upplýsingaskort, starfstengdar ástæður, fjölskylduábyrgð, áhuga og óviðeigandi námsframböð. Vert er að taka fram að slíkur listi gæti aldrei verið endanlegur né haft alhæfandi gildi. Einnig bendum við á gagnrýna umfjöllun okkar síðar í greininni.

TÍMI

Viðhorf fólks til tíma er afskaplega mismunandi. Það getur verið góður og slæmur tími til að „skella sér í nám“. Til eru dæmi um konur sem eru bundnar heima með lítil börn og geta einmitt þess vegna stundað nám og aðrar sem geta það einmitt ekki af sömu ástæðum. „Það kom svona tími

þar sem ég var ein með strákana mína litla [...] var ekki bundin af neinu, [...] þeir voru báðir á leikskólaaldri, þannig að þá var ég að hugsa um að fara [...] að læra,” sagði 40 ára verslunarstarfsmaður. „Þegar þú gerir tilraun til að fara aftur af stað þá, koma börnin, þá er bara sjálfhætt,” er upplifun 29 ára bankastarfsmanns. Svo getur verið lítið og mikið af tímanum. Við sjáum nokkrar hliðar á „tímaleysi”, sumir vinna mikið og geta því ekki bætt við sig námi að vinnu lokinni, aðrir hafa svo mikið að gera í vinnunni að þeir geta ekki sótt námskeið á vinnutíma. Sumir svara að það sé „ekki hægt í bili” að fara í nám, eða að þeim finnst námskeiðin of löng, vilji ekki binda sig lengi. Vandinn við útskýringar á þessum nótum er reynsla margra af því að fólk getur oft og iðulega skapað tíma til þess sem því finnst skipta máli. Tími og tímaleysi getur þannig verið mjög persónuleg tjáning á miklu álagi eða streitu en líka afsökun sem er auðvelt að grípa til (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999; Merriam o.fl., 2007). Í viðtölum okkar bar tímaleysi oft og iðulega á góma, „ég sé ekki fram á að geta haft nokkurn tíma fyrir nám” sagði 37 ára skrifstofustarfsmaður og 40 ára verslunarstarfsmaður sagði: „Það hefur verið brjáláð að gera í vinnunni og aldrei minna en 10 tíma vinnudagar og yfirleitt allar helgar.”

ÁLAG

Í nokkrum rannsóknum kemur fram að ótti um að ráða ekki við álagið haldi sumum frá skipulagðri fræðslu. Slík svör koma gjarnan frá fólki sem vinnur mikið og/eða ber hitann og þungann af rekstri stórs heimilis (sbr. til dæmis Bolder, Hendrich, Nowak og Reimar, 1994; Perez, 2009; Renaud, Lakhdari og Morin, 2004). Svipuð viðhorf má finna meðal viðmælenda í rannsóknum okkar, 29 ára bankastarfsmaður lýsir aðstæðum sínum á eftirfarandi hátt: „... ég verð ólétt og eignast börn [...] og er í mikilli vinnu eða er að vinna í banka og annað sem tefur og ég einhvern veginn, einhvern veginn fékk mig bara ekki til að halda áfram, þú veist mér fannst það bara vera of mikið álag”.

KOSTNAÐUR

Sumir nefna háan kostnað sem ástæðu þess að þeir taki ekki þátt í fræðslu. Kostnaður getur til dæmis birst í formi námskeiðsgjalda, ferða- og efniskostnaðar og vinnutaps. Margir vega og meta þennan kostnað á móti því sem þeir sjá að komi í staðinn. Fyrir suma er hagstæðara að vera á lægri launum og fara ekki í skóla en að verða af launum í tiltekinn tíma og þurfa svo að vinna tapið upp með hærri tekjum að námi loknu. Kostnaðurinn getur vissulega líka birst í löngum fjarvistum frá fjölskyldu, vinum og áhugamálum. Það getur og hindrað manneskju í að taka þátt í fræðslu þurfi hún að leggja út fyrir námskeiði fyrst og fá síðar endurgreiðslu frá stéttarfélagi að því loknu, en slíkar reglur hafa líka sínar skýringar (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999; McGivney, 1996; Ostiguy, Hopp og MacNeil, 1998). Í gögnum okkar kemur fram að kostnaðarliðurinn reynist ekki hvað síst einstæðum mæðrum erfið hindrun, „... ég sé ekki fram á að ég geti það, ekki í nánustu framtíð” sagði ein þeirra, 34 ára verslunarstarfsmaður, hún greindi frá því að það héldi meðal annars aftur af henni að framhaldsskólanám væri ekki láns hæft. En jafnvel þótt um láns hæft nám sé að ræða þá dugur það ekki alltaf til þar sem fólk óttast að ná ekki tilskyldum námsárangri. Það er stór ákvörðun „... að vera ein með þrjú börn og ætla að fara í nám og ef ég fell þá fæ ég ekki námslánin” sagði 40 ára verslunarstarfsmaður.

SLÆM REYNSLA AF SKÓLA

Það er nokkuð algengt að fólk gefi upp, beint eða óbeint, að slæm reynsla af skóla liggja að baki fjarveru þeirra frá skipulagðri fræðslu. Slæma reynslan getur spannað allt frá einelti (Þóra Ásgeirsdóttir, 2009) til þess að hafa fundist skólinn gagnslaus og/eða leiðinlegur. Þá er mjög algengt að þeir sem ekki taka þátt í fræðslu hafi enga trú á því að nám geti bætt stöðu þeirra eða gagnist við þær aðstæður sem þeir búa við (Perez, 2009). Sumum líður af þessum ástæðum illa á námskeiðum, í skóla eða í skólalegu umhverfi og sneiða þess vegna hjá frekari þátttöku í fræðslu (Jón Torfi Jónasson, 2001). „Það eru náttúrulega erfiðar upplifanir úr skóla, mér finnst það standa upp úr svona ef ég hugsa aðeins til baka,



síðustu 50–100 viðtöl,” sagði starfsmaður símenntunarmiðstöðvar. Því fer þó fjarri að öllum sem síður taka þátt í fræðslu hafi liðið illa í grunnskóla. Í viðtölum okkar við fimm konur sem aðeins höfðu lokið grunnskólanámi hafði ein þeirra átt erfitt námslega og félagslega, hinar höfðu mun jákvæðari upplifun af þessu skólastigi.

LÁGT SJÁLFSMAT / SJÁLFSTRAUST

Lágt sjálfsmat tengist gjarnan flokknum að ofan. Glettilega stór hluti þeirra sem sneiða hjá fræðslu lætur í ljós litla trú á eigin getu. Gögn Knuds Illeris (2006) benda jafnvel til þess að þótt fólk viti af mögulegum ávinningi af fræðslu sækji það ekki námskeið á fullorðinsárum vegna vantrúar á eigin námshæfileikum. Fólk vantreytir sér stundum til að fara í nám þegar langt er um liðið síðan það var í námi síðast og efast jafnvel um að það eigi erindi í nám. Þannig lýsti 32 ára þroskaþjálfari því hvernig hún lagði varla í það að sækja um skólavist: „Hvað heldurðu að ég komist inn, ég hafði ekki einu sinni trú á mér til þess að sækja um, ég var búin að

ákveða, að ég yrði nú ekki tekin inn.“ Starfsmaður símenntunarmiðstöðvar segir: „Ég held ... að rauði þráðurinn í þessu öllu sé sjálfstraustið“.

UPPLÝSINGASKORTUR

Sumir vita ekki af námi eða námskeiðum sem gætu orðið þeim að gagni eða til framdráttar. Fræðslustofnanir hafa sínar leiðir til að koma upplýsingum á framfæri, það getur stundum verið að stofnunin velji leiðir sem tiltekinn samfélagshópur missir af. Þá er og vitað að stór hluti fólks tekur ekki eftir auglýsingum, námskrám og öðrum upplýsingum um nám sem er í boði (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2001; Ostiguy o.fl., 1998). „Svo höfum við rekið okkur á að á viku símenntunar, meðan hún var, að þá vorum við kannski hálfum mánuði eftir að blaðið [námsvísir] var gefið út á stöðunum að kynna með blaðið með okkur, fólk hafði bara aldrei séð blaðið, samt var þetta borið inn á öll heimili og öll fyrirtæki,“ sagði starfsmaður símenntunarmiðstöðvar.

STARFSTENGT

Starfsmenn lítilla fyrirtækja sækja síður símenntun en starfsmenn stórra fyrirtækja. Tímabátturinn spilar hér stórt hlutverk, gjarnan er erfitt fyrir fólk í litlum fyrirtækjum að fara frá vegna fræðslu. Aðrir starfstengdir þættir eru meðal annars að „þess gerist ekki þörf“ – starfsins vegna og að tímasetning henti illa (Bolder o.fl., 1994). Enn annað sjónarhorn er þegar fólk varpar ábyrgðinni á þátttöku sinni í fræðslu á vinnuveitandann eða vinnumálastofnanir og segja að sér hafi ekki verið boðið, eða hafi ekki rétt á þátttöku í fræðslu vegna stöðu sinnar. Þá kom fram í frönskri rannsókn að lausráðið fólk, eða fólk ráðið til reynslu treysti sér ekki til að rugga bátum með því að fara á námskeið (Perez, 2009).

FJÖLSKYLDA

Það er þekkt að fjölskylda og stuðningur fjölskyldu hafi úrslitaáhrif á námsárangur barna. Hvað fullorðna varðar kom fjölskylduábyrgð einmitt oft fram sem ástæða fyrir fjarveru frá fræðslu. Þar má nefna þætti á borð við mikið álag og ábyrgð heima fyrir, litinn skilning og stuðning fjölskyldu og maka svo og skort á barnagæslu. Það kemur víst fæstum á óvart að konur eru mun líklegri en karlar til þess að taka ekki þátt í fræðslu vegna fjölskylduáðstæðna sinna (Jón Torfi Jónsson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999; McGivney, 1996; Merriam o.fl., 2007). Konur setja gjarnan nám makans í forgang og fresta eigin námi. „Ég er að bíða eftir að maðurinn minn klári námið“ sagði 29 ára bankastarfsmaður og 43 ára kona í skrifstofustarfi lýsti því hvernig hún hefði ekki hugað að því að taka sjálf þátt í fræðslu fyrr en hún hafði stutt makann í gegnum nám: „Þegar það er búið...þá fer ég svona sjálf að spá að það væri nú svolítið sniðugt fyrir mig að klára mitt nám.“ Þá er nokkuð um það að konur telji sig ekki geta farið í nám á meðan börnin eru ung og á það sérstaklega en ekki eingöngu við um einstæðar mæður. „Þegar hún verður eldri, þá kannski, getur maður farið að, hefur líka meiri tíma, til að mennta sig“ sagði 34 ára verslunarstarfsmaður. „Ég er svoldið að bíða eftir að þau vaxi aðeins“ sagði 37 ára skrifstofustarfsmaður.

ÁHUGI

Ætli áhugi sé ekki það sem flestir gefa upp sem ástæðu fyrir að læra eitthvað. Í mörgum rannsóknum kemur greinilega fram að áhugaleysi sé skýring á því að sumir sækja ekki skipulagða fræðslu (Bolder o.fl., 1994; Jón Torfi Jónsson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999; Jón Torfi Jónsson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2001; Merriam o.fl., 2007; Ostiguy o.fl., 1998). Önnur hlið á málinu er að viðkomandi finni ekkert sem vekur áhuga, skólar og fræðslumiðstöðvar bjóði ekki upp á nám sem vekur áhuga viðkomandi. Flestar konurnar í hópi viðmælenda okkar töldu að áhugaleysi hefði haft mikið að segja um að þeir luku ekki námi. Ein konan, 32 ára leikskólakennari, lýsti því hvernig henni hefði fundist „þetta svona svolítið waste of time“ og önnur, 32 ára þroskajálfi, sagðist hafa verið orðin svo áhugalaus að hún „nennti ekki að læra, nennti ekki að mæta, var alveg sama“. Að sama skapi kemur fram að viðmælendurnir telja áhuga á námsefninu skipta sköpum fyrir þátttöku í fræðslu. „Ef ég hefði brennandi áhuga á einhverju þá myndi ég alveg geta það og ég myndi láta það gerast“ sagði 40 ára verslunarstarfsmaður.

ÓVIÐEIGANDI NÁMSFRAMBOÐ

Sumir hafa ekki sótt fræðslu vegna þess að þeir fundu ekki fræðslutilboð við hæfi. Sömu sögu þekkjum við úr okkar eigin gögnum, þannig talaði ein konan, 40 ára verslunarstarfsmaður, um að hafa leitað lengi eftir námi sem vekti áhuga hennar og hentaði henni en án árangurs. Algengt var að viðmælendur okkar kvörtuðu undan því að vita ekki hvað þeir ættu að læra. Áðurnefnd kona sagði, „... ég veit ekkert hvað ég vil verða þegar ég verð stór“ og svipað var uppi á teningnum hjá 29 ára leikskólustarfsmanni sem „... vissi aldrei hvað [hún] vildi.“ Undir þessa skýringar mætti líka fella flokk hindrana sem í sumum nýrri greinum er kallaður kennslufræðilegar hindranir. Fræðsluformið sem er í boði hugnast ekki viðkomandi svarendum. Fullorðinsfræðsla er oft og tíðum skipulögð af háskólamenntuðu fólki, sem gjarnan les, hlustar, talar og skrifar til að læra. Nýlegar rannsóknir á námi fullorðinna, meðal annars á svo kölluðum náms-

nálgunum hafa aftur á móti leitt í ljós að ekki hentar öllum að læra á þennan hátt (Svanteson, 2006). Einn viðmælandi okkar, 37 ára skrifstofustarfsmaður, orðaði þetta svo: „... þó að ég sé ekki með há laun eða einhverja gráðu, að þá er ég rosalega fljót að læra, ef ég fæ að læra það svona verklega, að gera það í leiðinni sko, ekki bara upp úr bókum.“ Starfsmaður símenntunarmiðstöðvar lýsir því að „... bara menn sem hafa alla tíð unnið mikið, alla tíð verið duglegir, vinsælir í vinnu, sjálfstæðir og eiga allt í einu að koma á námskeið með 20 manns og gera einhver verkefni og jafnvel fjalla um sjálfan sig eða gefa af sjálfum sér, ég get alveg skilið að það sé eitthvað sem sé ekki eitthvað sem er rosalega freistandi“. Jafnframt má sjá af viðtölum við starfsmenn símenntunarmiðstöðva að verulegar áhyggjur ríkja meðal þeirra vegna dræmrar þátttöku karla í fræðslu. Fjölmargar ástæður voru dregnar fram til dæmis að fræðslan sem í boði er sé helst til of kvenlæg.

ÁSTÆÐUR, FYRIRSLÁTTUR EÐA BÆÐI

Á ofangreindum lista má sjá velþekktar ástæður fólks fyrir því að taka ekki þátt í skipulagðri fræðslu. Oft gefur fólk upp fleiri en eina ástæðu og eru þær gjarnan samverkandi, til dæmis getur tímaleysi, álag og fjölskylduábyrgð komið fram hjá sama einstaklingnum. Okkar flokkun byggir á niðurstöðum úr mjög mörgum rannsóknum og eins og sjá má var heilmikið samræmi við okkar eigin gögn. Þessar niðurstöður hafa víða gagnast fræðsluáðilum að einhverju leyti til að laða fleiri í fræðslu (Wahlgren, 2010.), en okkur sýnist ljóst að betur má ef duga skal. Þar að auki ber að ítreka að það er vel þekkt að ofan nefndar ástæður hindra suma og aðra ekki (Blair o.fl., 1995) þannig að þær einar duga ekki sem skýring. Því vakna spurningar um raunveruleg gæði svara í ofangreindum rannsóknum. Það er til dæmis þekkt að fólk metur aðstæður sínar á ólíkan hátt, þannig að eitt getur verið einum áþreifanleg hindrun, sem reynist öðrum það ekki. Þá er og spurning á hvaða forsendum þátttakendur rannsókna velja að svara á þann hátt sem þeir gera, finna þeir ef til vill ekki svarmöguleika í spurningalistum sem er í samhljóman við þeirra viðhorf eða svara þeir einhverju sem þeir álíta að



spyrjandi vilji heyra? Enn fremur er spurning hvort þeir sem taka ekki þátt í fræðslu á fullorðinsárum líti ekki á fjarveru sína frá fræðslu sem „vandamál“ og hafi því ekki skýr svör á reidum höndum um hvers vegna eða hvers vegna ekki. Í nýrri grein leysa Boeren og félagar upp hugtakaparið þátttaka / fjarvera með því að bæta við víddinni „ásetningur“ og greina á milli fólks sem ætlaði sér að taka þátt í fræðslu en gerði það ekki og fólks sem hafði ekki í hyggju að taka þátt í fræðslu (Boeren, Nicaise og Herman, 2010). Í stórrí evrópskri rannsókn um þátttöku í fræðslu svöruðu að meðaltali 24% þeirra sem ekki tóku þátt og gáfu upp einhverjar af ofangreindum ástæðum,⁵ að þeir hefðu viljað það en ekki getað, hinir ætluðu sér þar af leiðandi ekki að taka þátt. (Eurostat, 2010). Þessar upplýsingar bjóða upp á þá túlkun að ef til vill eigi sumar ofan nefndar skýringar á fjarveru *allra best* við hjá þessum hópi, þ.e. þeim sem höfðu ásetning um að taka þátt en gátu það ekki. Það skilur skiljanlega eftir um 76% sem höfðu ekki ásetning um að taka þátt.

ORÐRÆÐAN UM ÞÁTTTÖKU

Hin síðari ár hafa æ fleiri bent á takmarkanir umræðunnar um þátttöku í ævimenntun (Crowther, 2000; Fejes, 2005; Paladanius, 2007). Umræðan þykir gjarnan byggja á fyrirfram

5 Tölurnar sýna mikinn mun milli landa. Sjá: http://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?dataset=trng_aes_176&lang=en

gefnum hugmyndum um gildi þátttöku í skipulagðri fræðslu og merkingu hugtaksins þátttöku yfirleitt, of sjaldan séu einstaklingar skoðaðir í félagslegu samhengi sínu og gengið sé út frá því að allir bíði spenntir eftir að komast á námskeið.

Jim Crowther (2000) bendir á að umræðan í samfélaginu mótar hugmyndir okkar og þekkingu. Orðræðan um fullorðna námsmenn inniheldur ekki annað hvort réttar eða rangar fullyrðingar um af hverju fullorðnir taka þátt og af hverju ekki, heldur skapar hún skilning okkar á því hvað telst til þátttöku og hvað ekki. Hún skapar ákveðið sjónarhorn sem beinir þekkingu okkar og skilningi í ákveðinn farveg en á sama tíma útilokar orðræðan annan skilning á viðfangsefninu, til dæmis að það séu einstaklingar í samfélaginu sem beinlínis hafa ekki áhuga á að leggja stund á nám eða taka þátt í fullorðinsfræðslu og telja í einlægni að nám gagnist þeim ekki. Paladanius (2007) lýsir því til dæmis hvernig atvinnulausir verkamenn líta á skóla sem leiðinlega og tilgangslausa daggæslu fyrir ómálga einstaklinga. Fullorðnir séu sjálfráða, vinni og skapi, þannig að þátttaka í fræðslu er greinilega ekki í samræmi við hugmyndir þeirra um það sem fullorðnir gera. Paladanius varð einnig var við að þeir kusu frekar eigin reynslu sem aðferð til að ná tökum á nýjungum en lestur, hlustun, íhugun og umræður eins og þekking á námskeiðum. Þannig er ljóst að orðræðan um þátttöku er ekki endilega sú sama meðal þeirra sem móta umræðuna um fræðslu og þeirra sem eiga að njóta hennar.

„ÞÁTTTAKA ER GÓÐ“

Umræðan um fullorðinsfræðslu endurspeglar oft það viðhorf að þátttaka í fræðslu sé góð, að tilgangur eða markmið hennar sé að ráða bót á ætluðum skorti hjá fólki. Þá er gengið út frá því að nám og fræðsla sé eitthvað jákvætt, eitthvað sem bæti líf okkar og eitthvað sem við eigum að hafa aðgang að í gegnum allt lífið. Það kemur því ekki á óvart að í rannsóknnum á þátttöku í fullorðinsfræðslu sé gengið út frá þessari sýn. Þegar kemur að því að bregðast við fjarveru ákveðinna hópa frá fræðslu er gjarnan reynt að finna leiðir til að hvetja fólk til þátttöku í fræðslutilboðum sem þegar eru fyrir hendi í stað þess að endurskoða þá fræðslu sem því stendur til boða (Crowther, 2000). Starfsmaður símenntunar-

miðstöðvar orðar þetta þannig: „Þetta eru ekki menn sem að myndu koma þó við myndum auglýsa einhver flott námskeið þar sem ætti að efla þá í færni við að fara á vinnumarkaðinn ... þeir myndu ekki láta sjá sig. Þannig að við stöndum svolítið frammi fyrir því hvernig getum við móttverað þennan hóp“. Illeris (2004) bendir á að rannsóknir á fullorðinsfræðslu sýni að ævimenntun getur ekki alltaf uppfyllt þá mynd sem kemur fram í stefnuþlögnum OECD, UNESCO og ESB. Þannig er þátttaka í skipulagðri fræðslu ekki endilega ávísun á betra líf fyrir alla og nám er ekki alltaf skemmtilegt, auðgandi og frelsandi fyrirbæri.

FRÆÐSLA ER EKKI BARA NÁMSKEIÐ

Þegar umræðan um nám og fræðslu fullorðinna ber á góma, er ekki laust við að helst sé rætt um þátttöku fullorðinna í námskeiðum. Starfssemi fræðslustofnana snýst að mestu leyti um það að skipuleggja og bjóða alls konar námskeið fremur en að styðja við nám eða menntun fólks á allan mögulegan hátt. Þá er algengt að almenningur vanmeti eigin þekkingu og færni þar sem hennar hefur ekki verið aflað í formlegu námssamhengi. Rannsóknir á þátttöku bera og vott um það hversu námskeið eru miðlæg í allri hugsun okkar um nám og fræðslu fullorðinna (Crowther, 2000). Viðhorf til náms og fræðslu fullorðinna eru aftur á móti að breytast og sjónarhorn að vikka. Gott dæmi um það má sjá í orðum starfsmanns símenntunarmiðstöðvar: „...þegar þeir voru að koma hérna á námskeið þá bað ég þá um að koma með skírteinin sín og sko við erum oft að tala um heilu möppurnar. Þannig að það er ekkert hægt að segja að þeir hafi verið ómenntaðir, þeir voru bara menntaðir inn í ákveðin störf“. Svipuð viðhorf má sjá hjá Tight (1998) sem bendir á að það sé erfitt að finna einhvern sem hafi ekki á virkan hátt verið að læra eitthvað. Með öðrum orðum, fólk er alltaf að læra eitthvað í daglegu amstri sínu í gegnum allt lífið. Að hans áliti ætti lykilsurningin ekki að vera hvort fólk sé að taka þátt eða ekki, heldur hversu mikið og í hvers konar fræðslu. Við sjálf, höfundar þessarar greinar, myndum jafnvel vilja bæta við spurningunum: Hvað gerir fólk til þess að auka þekkingu og færni sína? Og svo: Hvað geta fræðsluáðilar gert til að hjálpa því?

ENGINN ER EYLAND

Orðræðan sem notuð er til að skýra fjarveru fólks frá fræðslu byggir oft á því að lítið er á einstaklinga óháð félagslegu samhengi þeirra. Þar að auki ber nokkuð á þeirri skoðun að fólk skorti eitthvað sem fræðsla getur bætt. Enn fremur er það viðhorf áberandi að þeir sem ekki taka þátt í fræðslu séu líklega þeir sem mest þurfa á því að halda (Merriam o.fl., 2007). Starfsmaður á símenntunarmiðstöð komst svona að orði. „Svo er þetta alltaf spurning hverjir taka þátt og er hópurinn sem ætti að vera virkastur að koma í nám til okkar.“ Með því að horfa á þátttöku í félagslegu samhengi má finna aðrar skýringar eins og þá að í gegnum félagsmótun sem á sér stað innan fjölskyldunnar, í skólum og á vinnumarkaðinum verði jákvæð viðhorf gagnvart fullorðinsfræðslu einkennandi fyrir suma hópa en ekki aðra (Rubenson, 1989, bls. 64 vitnað til í Merriam o.fl., 2007). Þátttaka í fræðslu er auðveldari fyrir einstaklinga sem tilheyra hópum þar sem jákvætt viðhorf gagnvart fullorðinsfræðslu er ráðandi, því hún er skipulögð með þennan hóp í huga og oftar en ekki af aðilum sem tilheyra þessum hópum. Gengið er út frá því að væntanlegir þátttakendur þekki til þess sem er í boði, þeir geti tekið þátt á þeim tíma sem í boði er og hafi efni á því (Merriam o.fl., 2007).

HINDRANIR EÐA MÓTSTAÐA?

Algeng skýring á fjarveru fólks frá fræðslu er að eitthvað hindri þátttöku þess. Crowther (2000) bendir hins vegar á að í stað þess að einblína á hindranir, sé ef til vill gagnlegra að líta svo á að þeir sem ekki taka þátt geri það vegna undirliggjandi andstöðu við ríkjandi menntagildi. Hann segir að samkvæmt ráðandi orðræðu væri órökrétt að tala um *mótstöðu*, því ef þátttaka er af hinu góða ætti mótstaða ekki að vera fyrir hendi. Í ljósi ríkjandi orðræðu væri því útilokað að ákvörðunin um að taka ekki þátt sé meðvituð. Ef fyrri reynsla af þátttöku í fræðslu er slæm, má spyrja sig af hverju fólk ætti að halda að það sé eitthvað betra að „setjast á skólabekk“ á fullorðinsaldri. Crowther heldur því sem sagt fram að fólk velji að taka ekki þátt og því má segja að fjarveran sé spurning um val, hún sé ákvörðun sem er tekin vísvitandi.



Ýmsar rannsóknir styðja þessa fullyrðingu. Fólk gefur til að mynda gjarnan upp þá ástæðu fyrir því að taka ekki þátt að það hafi ekki trú á því að þátttaka myndi gagnast sér (Bolder o.fl., 1994; Paladanius, 2007). Svipuð viðhorf koma fram í okkar gögnum: „... þannig að það er náttúrulega líka þessi hópur sem er bara mjög sáttur við sitt hlutskipti og finnur enga þörf hjá sér til að nýta sér einhver menntunartilboð,“ sagði starfsmaður símenntunarmiðstöðvar.

Orðræðan mótir það hvernig við skiljum og tökumst á við viðfangsefni okkar. Með endurskoðun á ríkjandi orðræðu felast ekki efasemdir um sannleiksgildi þeirrar þekkingar sem hún gefur af sér, heldur er markmiðið að gera takmörkun hennar ljósa til að átta sig á hvað hún felur í sér og hvað hún útilokar. Þannig erum við með þessum orðum ekki að efast um mikilvægi menntunar fyrir einstaklinga og samfélag, heldur teljum við mikilvægt að vera tilbúin til að skoða ríkjandi orðræðu á gagnrýninn hátt og setja spurningamerki við þær forsendur sem liggja henni að baki.

LEIÐIR TIL AÐ AUKA ÞÁTTTÖKU Í FRÆÐSLU

Fjöldi skýringa eru á því hvers vegna sumir taka lítinn eða engan þátt í fullorðinsfræðslu. Af umfjöllun okkar má ráða að þær hafa allar styrkleika sem má horfa til og nýta við skipulagningu fræðslu. Vissulega getur engin ein skýring náð yfir svo flókið fyrirbæri sem þátttaka fullorðinna í fræðslu er. Aftur á móti geta þær flestallar nýst sem verkfæri, sjónarhorn

eða „gleraugu“ við það verkefni að hjálpa enn fleira fólki til að auka þekkingu sína og færni. Tillaga okkar er að beita ólíkum kenningum og skýringum sem mismunandi sjónarhornum eða gleraugum með það fyrir augum að greina nákvæmar og ná betur til markhópa tiltekinna fræðslutilboða. Hér á eftir koma nokkur dæmi um það hvernig mætti beita slíkum gleraugum.

MINNKUM HINDRANIRNAR / LÆKKUM ÞRÖSKULDANA

Sú kenning sem hlotið hefur hvað mestan hljómgrunn í umfjöllun um fjarveru fólks frá fræðslu má kalla „hindrana-kenninguna“. Samkvæmt henni er skýringanna að leita í því að eitthvað hindri fólk í því að taka þátt. Þar af leiðir að með því að ryðja hindrununum úr vegi megi gera fólki kleift að taka þátt. Forsenda þessarar hugmyndar er að allir vilji gjarnan læra nýja hluti og taka þátt í fræðslu en að einhverjar hindranir komi í veg fyrir það (Cross, 1981). Af þessu leiðir að þátttöku í fræðslu megi auka með því að skoða hvert námskeið og hvern markhóp til þess að koma auga á hindranir sem eru á valdi fræðslustofnunarinnar að draga úr. Gagnlegt gæti verið að skoða þætti sem snúa til dæmis að skipulagi, staðsetningu, kostnaði, tímasetningu, barnapössun og öðrum ytri þáttum námskeiðs með það fyrir augum að auðvelda markhópnum að taka þátt, eða gera námskeiðið áhugaverðara í þeirra augum.

BJÓÐUM ÓLÍK NÁMSFORM

Eins og áður hefur komið fram líta margir með stutta formlega skólagöngu ekki á skóla og námskeið sem eitthvað fyrir sig, eða sem aðferð sem gagnist þeim til að ná markmiðum sínum (sjá til dæmis Perez, 2009). Mörgum hentar ekki hefðbundið skólastarf og þar að auki hafa sumir slæma reynslu úr skólakerfinu og þetta litar viðhorf þeirra til fræðslu síðar á ævinni. Auðveldustu leiðirnar til að koma til móts við þennan hóp væru að skipuleggja fræðslu á öðrum stöðum en í skólum, nota húsgögn og fyrirkomulag sem minna ekki á skóla og beita kennsluáðferðum sem sniðnar eru að þörfum fullorðinna. Þá væri ekki úr vegi að hugsa út fyrir kassann og

gera markvisst tilraunir með ný form fræðslu. Þannig mætti nefna styttri og lengri verkstæði, þar sem þátttakendur læra til dæmis bóklegt innihald í tengslum við það að skapa, framleiða eða gera við eitthvað. Í Ósló hafa til dæmis fræðslumiðstöðvar slegið tvær flugur í einu höggi og fellt norskukennslu fyrir innflytjendur inn í námskeið fyrir meirapróf, sjúkralið-anám og fleiri starfstengd námskeið (VOX, 2010). Í stað þess að námsmenn fari í kennslustofu til að læra getur kennari komið til námsmannanna og leiðbeint á þeim stað þar sem nýrrar færni eða þekkingar er þörf.

VINNUM MEÐ (VÆNTANLEGUM) ÞÁTTTAKENDUM

Önnur gleraugu sem skipuleggjendur geta tekið upp er sjónarhorn þátttakenda. Í Þýskalandi hafa hugtökin „þátttakendamiðun“ og „markhópamiðun“ lengi verið hluti af verkfærakassa kennara og skipuleggjenda fræðslu fyrir fullorðna (sjá t.d. Siebert, 2003). Þátttakendamiðun snýst um að í stað þess að námskeið sé skipulagt á grundvelli innihalds þess, sé það skipulagt með þarfir og sjónarhorn þátttakenda í huga. Á svipaðan hátt snýst markhópamiðun um að skipuleggja fræðslu fyrir afmarkaða skilgreinda markhópa og byggja fræðsluna á upplýsingum um þarfir þeirra. Ein leið til að fá upplýsingar um sjónarhorn þátttakenda er að virkja fulltrúa úr markhópnum sem meðlimi í hópi þeirra sem skipuleggja námskeið eða annars konar fræðslutilboð. Þegar markhópurinn er lítill er hægt að fá væntanlega þátttakendur sjálfa til að eiga þátt í skipulagningunni. Sömuleiðis má taka fyrri þátttakendur fræðslutilboðs með sem ráðgjafa og jafnvel aðstoðarkennara. Þannig gæti svo kölluð jafningjafræðsla verið gagnlegur hluti af fræðslutilboði.

STYRKJUM ÍMYND FULLORÐINS- FRÆÐSLU

Ímynd fræðslustofnunar og staðarins þar sem fræðslan fer fram getur haft veruleg áhrif á þátttöku. Manninen (2004) bendir á að neikvæð ímynd fullorðinsfræðslu í hugum fólks með litla formlega menntun leiði til þess að það hvarfli jafnvel ekki að því að sækja fræðslu. Þá hefur námskeið sem

haldið er í háskóla til dæmis aðra ímynd en námskeið haldið í safnaðarheimili og tilteknir samfélagshópar eru tilbúnir að sækja fræðslu á einum stað en ekki öðrum. Öll vinna við það að öðlast vitneskju um ímynd fræðslu og fræðslustofnunar í tilteknu samfélagi verður því að dýrmætri þekkingu stofnunarinnar, sömu sögu er að segja um allt það sem stofnunin gerir til að skapa og styrkja þá ímynd sem hún vill hafa í sínu nærsamfélagi.

BJÓÐUM NÁM Í TENGLUM VIÐ BREYTINGAR

Ein af kenningunum sem komið hafa fram til að skýra þátttöku er „æviskeiðakenningin“. Eins og greint var frá hér að framan leita margir fullorðnir eftir fræðslu í tengslum við breytingar í lífi sínu. Margir sækja í fræðslu í tengslum við skilnað, ástvinamissi eða breytingar á atvinnuhögum. Fólk hefur til dæmis iðulega mestan áhuga á að læra það sem þarf til að takast á við nýtt starf einmitt þegar breytingin stendur fyrir dyrum eða er nýlega yfirstaðin (Aslanian, Brickell, Ullman og Society, 1980). Þannig er varla hægt að finna námsfúsara fólk en verðandi foreldra. Í ljósi þessa gæti ein leið til að mæta fólki falist í fræðslutilboðum sem tengjast tilteknum æviskeiðum eða breytingum. Rannsóknir á þátttöku hafa þó sýnt að fólk sækir ekki eingöngu í fræðslu sem innihaldslega tengist breytingunni, heldur nýtir það fræðslu um innihald sem vekur áhuga þess sem aðferð til að vinna á sinn eigin hátt með breytingarnar (Blair o.fl., 1995). Af þessum sökum má vera ljóst að æviskeiðakenninguna er varla hægt að umgangast á jafn einfaldningslegan hátt og upphafsmenn hennar gerðu þegar þeir fullyrtu: „Að þekkja æviferli fullorðinnar manneskju er að þekkja námsáætlun hennar“ (Aslanian o.fl., 1980, bls. 61).

LÖGUM KENNSLUNA AÐ ÞÖRFUM FULLORÐINNA

Við höfum fjallað um að ýmsir nýti sér síður fræðslutilboð meðal annars vegna álags, tímaskorts og slæmrar reynslu af skóla. Þessi atriði og fleiri þykja gjarnan einkenna fullorðna námsmenn almennt (Hróbjartur Árnason, 2005) og

því þurfa kennarar fullorðinna oft að takast á við reynslu og aðstæður fullorðinna námsmanna í starfi sínu. Undanfarin 40 ár, að minnsta kosti, hefur safnast saman mikil þekking á forsendum fyrir áhrifaríkri fræðslu fullorðinna. Eigi að síður er þessi þekking hvorki almenn meðal menntaðra kennara (sjá til dæmis Kennsluskrá Háskóla Íslands, 2010), né meðal þess fólks sem velst til kennslu á einstökum námskeiðum á vinnustöðum eða hjá fræðslustofnunum. Enda hafa lengi vel ekki verið gerðar kröfur um slíka þekkingu meðal kennara í fullorðinsfræðslu. Þetta sagði starfsmaður símenntunarmiðstöðvar um málið:

„... fræðslustofnanir verða að líta í eigin barm, hvað er hjá okkur sem er kannski hluti af þessari hindrun ... , fullorðnir sem hafa verið í námi segja oft og örugglega réttléga að kennsluáðferðirnar miðist oft ekkert allt of mikið við fullorðna og það hvernig fullorðnir læra miðað við til dæmis unglínga og við höfum ekkert stóran stabba af fólki sem er vant því að kenna fullorðnu fólki sem hefur litla skólagöngu að baki, en við höfum aftur fullt af fólki sem er vant að kenna börnum og unglíngum og þarna er viss brú sem þarf að byggja.“

Helstu kvartanir sem berast frá óánægðum fullorðnum námsmönnum eru einmitt vegna kennsluáðferða og framkomu kennara sem námsmönnum finnst ekki hæfa í samskiptum við fullorðna (Illeris, 2004). Ljóst er að það þarf að nálgast kennslu fullorðinna með öðrum hætti en kennslu barna og unglínga (Hróbjartur Árnason, 2005; Sigrún Jóhannesdóttir, 2004) og því ætti að gera kröfu um að þeir sem taka að sér kennslu fyrir fullorðna hafi til þess viðeigandi þekkingu.

LOKAORÐ

Ástæðurnar eru margar fyrir því að fólk með stutta formlega skólagöngu sækir síður fræðslu en fólk sem hefur lengri skólagöngu að baki. Í þessari grein flokkuðum við niðurstöður fjölda rannsókna í 10 flokka ástæðna fyrir fjarveru og fengum þar með gagnlega yfirsýn. Gögnin sýna að ástæður fjarveru mynda innbyrðis flókið net skýringa. Þessar upplýsingar hafa vissulega nýst að einhverju leyti til að laða fleiri

úr umræddum hópi í fræðslu, en við bendum á að þær duga ekki einar og sér. Enn er stór hópur sem ekki næst til og bendir greining á orðræðu tengdri þátttöku í fræðslu til þess að bæði rannsakendur og framkvæmdaðilar þurfi að líta í eigin barm með því annars vegar að taka til endurskoðunar ákveðnar forsendur umræðunnar um þátttöku og hins vegar að nota mismunandi sjónarhorn við skipulagningu, kynningu og framkvæmd fræðslu.

HEIMILDIR

- Aldridge, F. og Tuckett, A. (2005). *Better News this Time?: The NIACE Survey on Adult Participation in Learning 2005*. National Institute of Adult Continuing Education.
- Aslanian, C. B., Brickell, H. M. og Ullman, M. D. (1980). *Americans in transition: life changes as reasons for adult learning*. College Entrance Examination Board.
- Becker, G. S. (1962). Investment in Human Capital: A Theoretical Analysis. *The Journal of Political Economy*, 70(5), 9–49.
- Blair, A., McPake, J. og Munn, P. (1995). A New Conceptualisation of Adult Participation in Education. *British Educational Research Journal*, 21(5), 629–644.
- Boeren, E., Nicaise, I. og Herman, B. (2010, september). Intentions and constraints of non-participants in adult education. Erindi haldið á ráðstefnu ESREA í Linköping, september 2010.
- Bolder, A., Hendrich, W., Nowak, D. og Reimar, A. (1994). *Weiterbildungsabstinez Teil I. Makrostrukturen und Bedingungen von Weiterbildungsteilnahme und -abstinez in Deutschland 1993*. Koeln.
- Connell, P. J. O. (1999). *Adults in training: An international comparison of continuing education and training*. OECD.
- Cross, K. P. (1981). *Adults as learners*. San Francisco: Jossey-Bass.
- Crowther, J. (2000). Participation in adult and community education: a discourse of diminishing returns. *International Journal of Lifelong Education*, 19(6), 479–492.
- Fejes, A. (2005). New wine in old skins: changing patterns in the governing of the adult learner in Sweden. *International Journal of Lifelong Education*, 24(1), 71–86.
- Eurostat (2010). *Vefur Eurostat* <http://ec.europa.eu/eurostat>. Luxembourg: Eurostat.
- Forsætisráðuneytið (2008). *Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar 17. febrúar 2008*.
- Hróbjartur Árnason (2005). Hvað er svona merkilegt við það... að vera fullorðinn? *Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 14–22.
- Háskóli Íslands (2010). Kennsluskra. Sótt 22.10.2010 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/>.
- Illeris, K. (2004). *Voksenuddannelse og voksenlæring*. Frederiksberg: Roskilde Universitetsforlag.
- Illeris, K. (2006). Lifelong learning and the low-skilled. *International Journal of Lifelong Education*, 25(1), 15–28.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir (1999). *Símenntun á Íslandi. Yfirlit yfir nám fólks á aldrinum 18–75 ára og athugun byggð á námskeiðasókn vorið 1998*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir (2001). *Símenntun í atvinnulífni. Athugun á þátttöku fólks á aldrinum 18–75 ára í starfsnámi utan skólakerfisins og afstaða stjórnenda og starfsfólks til slíks náms. SÍMENNTUN Á ÍSLANDI Skýrsla III*.
- Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir (2007). Er símenntunarþjóðfélag á Íslandi? *Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 17–22.
- Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir (2009). *Þátttaka í fræðslu á Íslandi: Niðurstöður úr vinnuþátttöku Hagstofnunar 2003*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Knowles, M. S., Holton, E. F. og Swanson, R. A. (1998). *The adult learner: the definitive classic in adult education and human resource development*. Houston: Gulf Pub. Co.
- Manninen, J. (2004). Adult participation in dream society: Images of adult education. Í M. Radovan og N. Dordevic (Ritsj.), *Current Issues in Adult Learning and Motivation. Adult Education Colloquium 7* (bls. 60–82). Lubliana: Slovenian Institute For Adult Education.
- McGivney, V. (1996). *Staying or Leaving the Course: Non-Completion and Retention of Mature Students in Further and Higher Education*. Leicester: National Institute of Adult Continuing Education.
- Menntamálaráðuneytið (2009). Orðaskrá um evrópska menntastefnu – 100 lykilorð. Menntamálaráðuneytið. Sótt 22.10.2010 af: http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-doc_Annad/Ordaskra_um_evropska_menntastefnu_-_islenka_og_enska.docx.
- Menntamálaráðuneytið (2010). Fullorðinsfræðsla. Sótt 22.10.2010 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/fullordinsfraedsla/>.
- Merriam, S. B., Caffarella, R. S. og Baumgartner, L. (2007). *Learning in adulthood: a comprehensive guide*. San Francisco: Jossey-Bass.
- Ostiguy, L., Hopp, R. og MacNeil, R. (1998). Participation in lifelong learning programs by older adults. *Ageing International*, 24(2/3), 10–23.
- Paladanius, S. (2007). The Rationality of Reluctance and Indifference Toward Adult Education: Difficulties in Recruiting Unemployed Adults to Adult Education. Í L. Servage (Ritsj.), *Proceedings of the joint international conference of the Adult Education Research Conference (AERC) (48th National Conference) and the Canadian Association for the Study of Adult Education (CASAE) (26th National Conference)*, (471–476). Ottawa: CASAE.
- Perez, C. (2009). Pourquoi les travailleurs précaires ne participent-ils pas à la formation professionnelle continue? *Formation emploi*, 105(1), 5–19.
- Renaud, S., Lakhdari, M. og Morin, L. (2004). The Determinants of Participation in Non-Mandatory Training. *Relations Industrielles / Industrial Relations*, 59(4), 724–742.
- Siebert, H. (2003). *Didaktisches Handeln in der Erwachsenenbildung. Didaktik aus konstruktivistischer Sicht*. Luchterhand, München.
- Sigrún Jóhannesdóttir (2004). Finnst fullorðnum líka leikur að læra? *Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 56–60.
- Svantesson, I. (2006). Námsnálgun – Nýtt sjónarhorn í heimi kennslufræðinnar. *Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 20–30.
- Tight, M. (1998). Lifelong learning: Opportunity or compulsion?. *British Journal of Educational Studies*, 46(3), 251–263.
- Tuijnman, A. og Hellström, Z. (2001). *Curious Minds. Nordic Adult Education Compared*. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin.
- VOX. (2010). Læringsmappe for pleieassistenter. VOX. Sótt 22.10.2010 frá: <http://www.vox.no/templates/product.aspx?id=4955&epslang-uage=NO&mode=view>.
- Wahlgrén, B. (2010). *Voksnes læreprocesser*. Kaupmannahöfn: Akademisk Forlag.
- Þóra Ásgeirsdóttir (2009). „Ég var bara tosi“. *Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 64–67.

UM HÖFUNDANA

Hróbjartur Árnason er lektor í kennslufræði fullorðinna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann er forstöðumaður námsbrautar í fullorðinsfræðslu og kennsluréttindabrautar. Hróbjartur er guðfræðingur frá HÍ, en eftir rannsóknarstörf í Ísrael og Þýskalandi snéri hann sér að kennslufræði fullorðinna sem hann nam við háskólann í Bamberg, Þýskalandi. Hann hefur unnið við fullorðinsfræðslu síðan 1995, bæði í Þýskalandi og á Íslandi, m.a. í menntakerfi rafiðnaðarmanna, fyrir kirkjuna og haldið námskeið fyrir fjölmörg fyrirtæki og stofnanir. Helstu sérfræði- og rannsóknarsvið eru nám fullorðinna, tæknistutt nám, nám eldri borgara, og matsverkefni á ýmsum skólum og verkefnum á sviði fullorðinsfræðslu.

Halla Valgeirsdóttir starfar sem sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Helstu verkefni hennar tengjast námsskráskrifum. Hún var áður fræðslustjóri hjá Leikskólum Reykjavíkur. Hún er að ljúka M.Ed. prófi í menntunarfræði með áherslu á fræðslustarf með fullorðnum frá Háskóla Íslands og er með BA. próf í félagsfræði frá sama skóla.

Svava Guðrún Sigurðardóttir hefur starfað við ættfræðigrunninn Íslendingabók frá 1997 og situr jafnframt í stjórn Menningarfélagsins Spákonuarfs. Hún lauk BA prófi frá HÍ árið 1996, kennsluréttindum frá KHÍ árið 2008 og er að ljúka meistaranámi í menntunarfræðum frá HÍ með áherslu á fullorðinsfræðslu. Lokaverkefni hennar er rannsókn á ástæðum fyrir fjarveru og/eða þátttöku 10 kvenna í námi að loknum grunnskóla.

ABSTRACT

Within the studies of adult education and schooling, participation in education is probably the subject that has been most thoroughly studied, but for a few years now the absence from education of certain social groups has received more attention. The reason, without doubt, is increasing interest and governmental emphasis on the value of education for both individuals and society as a whole, but also the extensive education opportunities for every social group.

It is worth noting that the findings of this research for the last few years have been comparatively unanimous. The same groups are absent among the participants and the same reasons are given for their absence. Interviews with personnel of lifelong learning centres showed that a lot of effort has been put into trying to reach this group, but the outcomes being varied and it is likely that the experience of others involved in these projects is the same. This indicates that these studies reflect the actual reality of the adult education, both in Iceland and abroad. Substantial funding has been allocated for various adult education projects, for example, offers designed for those who until now have not taken part. In spite of this, it has proved difficult to reach this group. Why don't they come? is therefore a burning question for many within the adult education system.

Research is meant to increase our knowledge and understanding of the world around us; if however, it does not lead to conclusive answers we are bound to wonder if the researchers are asking the right questions when probing the reasons for absence. At the same time, we should consider whether education providers need to find new ways to reach the groups in question. Study counselling, vocational counselling and validation of competencies are means that have proved successful for reaching this group, but more is needed if the plan is for everyone to participate in lifelong learning.